



25-Oct-2010

SAGA 3.1.33

What's New overview

Copyright ©2010 EMR Heilbrigðislausnir. All rights reserved.



ADT (gaADT)

- ADT

Möguleiki á að skrá heiti lotu hefur nú bæst við. Heitið er upprunalega skráð í sniðmátstöflu í gagnagrunni og þegar sjúklingur er innritaður er sjálfgefna heitið sótt úr sniðmátinu og birt í nýjum reit í innritunarglugganum („Heiti lotu“). Reiturinn er ekki ritvarinn þannig að starfmaður hefur kost á að breyta sjálfgefna heiti lotunnar í innritunarferlinu.

Heiti lotunnar sést einnig í töflunni í ADT. Hafi heitið verið rangt skráð er hægt að leiðrétta það með því að velja aðgerðina „Breyta heiti lotu“ úr fellivalmynd

Í Eyðublöðum sést heiti lotunnar ásamt þjónustuflokk og heiti staðsetningardeildar í trénu (undir „Lotur“). Ef hægri-smellt er á lotu í trénu birtast í fellivalmyndinni sem þá opnast aðgerðir til að fela og/eða sýna þessi textasvæði. Ef smellt er á eitthvað annað en lotu í trénu þá eru aðgerðirnar óvirkar.

ac#28628,tt#42326

- ADT

Letri breytt úr Tahoma í MS Sans Serif.

tt#43592

- ADT

Nú verður ábyrgur lækni legusjúklings að vera skráður lækni.

ac#30497,tt#43921

- Legur

Þegar sjúklingur er fluttur á milli deilda þá er nú hægt að flytja hann á milli þjónustuflokka á sama tíma og innritunin er kláruð og ábyrgir starfsmenn og staðsetning skráð á móttökudeildinni. Ath: Ef að aðgerðin "Hætta við flutning milli þjónustuflokka" er síðan keyrð þá er einungis hætt við flutninginn milli þjónustuflokkanna en ekki innritunina sem kláruð var samtímis.

ac#31026,tt#44143

- ADT

Þegar valið er að skrá greiningar á komur með engar greiningar er nú hægt að velja og skrá NCSP+ kóða til viðbótar við ICD-10.

ac#31083,tt#44201

- ADT / Eyðublöð

Greiningar og aðgerðir sem eru skráðir í ADT birtast nú ekki lengur í sjúklinga- og starfsmannakortum við kóðaleit.

ac#31245,tt#44322

- ADT

Heiti lotu sést nú í glugganum sem kemur upp þegar koma er flutt á milli lota.

ac#31550,tt#44476

- ADT og Legur

Nú getur starfsfólk með takmarkaðan sjúkraskráraðgang innritað sjúklinga.

tt#44498

- ADT

Nú er hægt að breyta ábyrgum hjúkrunarfræðingi í ferlilotum í ADT með því að hægrismella á ferlilotuna og velja þar til gerða aðgerð sem áður var einungis aðgengileg fyrir legur / innlagnir. Einnig sést ábyrgur hjúkrunarfræðingur í yfirlitinu yfir ferlilotur, en til þess að sá dálkur komi inn þurfti að



eyða notendastillingum fyrir það yfirlit.

tt#44525

- ADT

Ef valið er ferli og koma með engar greiningar. Ef hægrismellt er með músinni á komuna og aðgerðin "Skrá greiningar á komur með engar greiningar" er valin kemur upp gluggi fyrir þá aðgerð. Inni í þeim glugga er hægt að smella á hnapp með grænu plúsmerki til að bæta við kóða. Sé smellt á þann hnapp opnast kóðaleitargluggi frumstilltur á Sjúklingakort/greiningar en ekki á almenna kóðaleit eins og áður var.

tt#44707,tt#44708

- ADT

Bæst hefur við aðgerð til að prenta út yfirlit yfir legur og ferli, svipað og í Legum.

tt#44812,tt#44813

- ADT / Legur:

Þegar birtar eru upplýsingar um útskrifaða sjúklinga í ADT og Legum gat það gerst að legurnar fjölfölduðust á leguflípanum. Þetta gerðist í þeim tilvikum þegar sjúklingur var sendur áfram á stofnun sem hafði fleiri en eina deild eða staðsetningu en var auðkennd með sömu kennitölu í stofnanaskrá. Nú gerist þetta ekki lengur þar sem færslan er vistuð í samræmi við val, þ.e. með deild eða staðsetningu ef við á.

tt#45131,tt#45132

- ADT / Legur

Ef sjúklingur með skráðan ábyrgan hjúkrunarfræðing er fluttur á milli deilda þá skráist nú sjálfkrafa lokadagsetning á færslu fyrir ábyrga hjúrunarfræðinginn. Færslan opnast aftur ef hætt er við að flytja sjúklinginn á milli deilda.

ac#32353,tt#45272,tt#45273

- ADT - Legur

Sjálfvirk uppfærsla á gögnum hafði áhrif á val kerfissjúklings þegar einingarnar voru ekki virkar. Þetta gat valdið ósamræmi í upplýsingum í viðmóti varðandi hvaða einstaklingur var valinn sjúklingur á hverjum tíma. Þetta hefur nú verið leiðrétt.

ac#32639,tt#45465,tt#45466

- Legur/Lotur

Nú er hægt að leiðrétta þjónustuflokk og ábyrgan lækni þó svo að búið sé að útskrifa sjúkling.

ac#32062,tt#44988,tt#45651

- Legur

Búin var til dálkurinn ADMISSION_ALLOWABLE í töflunni GA_GROUP sem segir til um hvort leggja megi inn á viðkomandi deild. Dálkurinn stjórnar bara deildum sem eru þjónustuflokkar.

ac#32950,tt#45688,tt#45689

- ADT / Legur

Ef sjúklingur er fluttur á milli þjónustuflokka um leið og hann er fluttur á milli deilda, þá er ekki lengur hægt að hætta við þjónustuflokkaflutninginn einan og sér, vegna þess að hann er órjúfanlega samþættaður deildaflutningnum. Þess í stað er hægt að nota aðgerðina „Leiðrétta þjónustuflokk“.

tt#45876,tt#45877

- Legur / ADT

Í töflum sem sýna greiningar hefur nú bæst við dálkur sem sýnir (með haki) ef greining er aðalgreining innan kóðunarkerfis.

tt#46022,tt#46023



Aðföng (gaResources)

- Stillingar - aðföng / form tímabókunar
Bætt hefur verið við haki sem segir til um hvort SMS áminningar um tímabókanir séu leyfðar. Virkja þarf áminningarnar á báðum stöðunum.

Afgreiðsla

Stillingildi 2054 sem áður leyfði SMS sendingar hefur verið eytt. Þess í stað eru SMS áminningar virkjaðar út frá bæði aðfangi og formi tímabókunar.

Nú er hægt að fylgjast með stöðu SMS sendinga í útprentun á tímabókunum.

Aðföng

Bætt hefur verið við haki sem segir til um hvort SMS áminningar um tímabókanir séu leyfðar.

tt#43480, tt#43481, tt#43482, tt#43493, tt#43527, tt#43529, tt#43541, tt#43542, tt#43554, tt#43557, tt#43569, tt#43628, tt#43632

Aðgangsstýringar

- Afgreiðsla - deildir

Nú er kominn flýtykill (ctrl+d) til að fá upp gluggann til að skipta um deildir. Einnig er kominn hnappur í tólastikuna fyrir aðgerðina og á honum er einnig fellilisti þar sem hægt er að velja deildir.

Mínar stillingar - sniðmát samskipta

Nú þarf notandi að hafa Administrator aðgangsbíta settan fyrir Mínar stillingar til að búa til sniðmát samskipta.

Stillingar - Aðföng

Nú er hægt að tengja staðsetningardeild við aðfang.

tt#44162, tt#44164, tt#44165, tt#44166, tt#44167, tt#44170, tt#44249, tt#44250, tt#44306, tt#44316

- Aðgangsstýringar

Nú reiknast meðferðatengsl milli notanda og sjúklings þegar sjúklingur á tímabókun á aðfang sem tengt er loggindeild notanda ef tímabókunin er innan tímabils sem er skilgreint af stilligildi 1118.

tt#44361

- Aðgangsstýringar - skrifréttindi

Nú fá notendur skrifréttindi í gögn sem tilheyra deildum sem þeir hafa aðgang að þó þeir séu ekki skráðir inn á viðkomandi deild.

tt#44693, tt#44694

- Aðgangsstýringar

Nýjum aðgangshópi sem nefnist Rannsóknarhópur hefur verið bætt við. Notendur í Rannsóknarhópi geta aðeins séð og skráð óvarin blöð og geta aðeins skráð í eldri samskipti og lotur á eigin deild og deildum sem tilheyra sama undirsviði. Meðferðartengsl reiknast líkt hjá klínískum aðgangshópum. Rannsóknarhópur virkar aðeins með sjúkrahúss aðgangsstýringum (HospitalAccessInfo). Stillingildi 91 verður að vera virkt til að sjá lotur, einnig verður að vera búið að mynda meðferðartengsl í afgreiðslunni (bóka tíma í afgreiðslunni) við sjúkling.

ac#29792, tt#43073, tt#44744

- Aðgangsstýringar

Breytingar á glugga sem kemur upp þegar notandi þarf að gefa upp ástæðu fyrir því að hann vilji fá aðgang að sjúkragögnum einstaklings. Upplýsingum í glugganum hefur verið endurraðað ásamt því að nafn og kennitala einstaklings sem á í hlut eru nú sýnileg í glugganum.

ac#32412, tt#45346, tt#45347

Afgreiðsla (gaSab)

- Stillingar - Afgreiðsludeildarlisti

Bætt hefur verið við stillingunni „Sjálfgengið gjaldfrítt gildi“. Það stjórnar valinu í „Gjaldfrítt“ fellilistanum fyrir deildir í komuglugganum í Afgreiðslu.

ac#28706,tt#42467

- Afgreiðsla

Nú er ekki hægt að klippa einstaklinga sem merktir eru að mæti ekki.

tt#42739

- Afgreiðsla

Nú er hægt að velja marga gjaldaliði úr yfirgjaldaliðum með að halda inni SHIFT takkanum á meðan valið er með músarsmelli.

Þegar slá þarf inn verð og fjölda fyrir gjaldalið birtist nú nafn gjaldaliðsins í haus gluggans.

tt#42834,tt#42835

- Afgreiðsla

Stilligildi 2051 (Afgreiðsla - Útprintun (ekki kvittanir): Prenta deildartengda bráðasjúkraskrá) færð í 3026 og 2052 (Afgreiðsla - Útprintun (ekki kvittanir): Prenta deildartengdan samskiptaseðil) færð í 3027.

tt#43155

- Afgreiðsla

Nú eru nöfn sjúklinga sem eiga tímabókun sem nær yfir meira en eina tímalengd aðfangsins einungis birt í því efsta.

tt#43193,tt#43522

- Afgreiðslukerfi - Tímabókanir og komur

Nú sjást lotur sem búið er að útskrifa úr á þeim tímabókunum og komum sem þær tilheyra.

ac#29955,tt#43316

- Afgreiðsla - finna tímabókun

Búið er að sameina aðgerðirnar „Tímabókun...“ og „Tímabókun eingöngu kennitala...“ í einn glugga. Fyrirspurninni í glugganum hefur verið breytt þannig að hún leitar bara eftir þeim skilyrðum sem hafa verið fyllt út til að auka hraða.

ac#30105,tt#43583

- Afgreiðsla

Búið var til nýtt stilligildi númer 3025 sem birtir viðvörðun við aðgerðina „Útfylling blaða“ (F8) úr Komum ef einstaklingur á samskipti sem gerð voru innan fjölda þeirra klukkustunda sem gildið segir til um.

ac#30234,tt#43721,tt#43722

- Afgreiðsla

Í listanum yfir lotur sjúklings í Tímabókunarglugga og Komuglugga birtist nú heiti lotu í stað staðsetningardeildar.

ac#30452,tt#43873

- Afgreiðsla

Í tímabókunar- og komugluggum í afgreiðslu hefur röðun lotulistans breyst lítillga, og er nú „Heiti lotu - Þjónustuflokkur - Ábyrgur - Dagsetning (hófst) - Staðsetningardeild“

ac#30524,tt#43916

- Afgreiðsla / ADT



Heiti lotu er ekki lengur frjáls innsláttarsvæði, heldur verður notandi - ef heiti lotu er skráð eða breytt - að velja út fellilista þar sem fram kemur heiti allra þeirra sniðmáta sem tengd hafa verið á viðkomandi deild.

tt#43918

● Afgreiðsla - „Afgreiða“ glugginn

Nú vistast „Afgreiða“ glugginn þegar notandi velur að loka honum. Haldið er utan um breytingasögu í gagnagrunninum í hvert sem einhverju er breytt í glugganum. Þegar búið er að prenta út reikning þá nállstíllist glugginn aftur og einnig ef lokað er eftir að öllum gjaldaliðum sem hafa ekki hafa verið prentaðir er eytt.

ac#30770,tt#44144

● Afgreiðsla

Þegar sjúklingur sem á að fá SMS er merktur „Mætti ekki“ er hakið nú tekið af SMS boxinu.

ac#31085,tt#44181

● Afgreiðsla

Í valglugga fyrir gjaldaliði sérfræðinga er nú hægt að raða í öllum listum með því að smella á fyrirsögn viðkomandi dálks í listanum. Villa löguð sem kom fram ef tvísmellt var á dálkafyrirsögn.

tt#44528

● Afgreiðsla - Finna tímabókanir

Glugginn hefur verið minnkaður og birtist nú á miðjum skjánum.

tt#44691,tt#44692

● Afgreiðsla - Finna tímabókun

Ef raðað er eftir dagsetningum í leitarglugga til að finna tímabókun raðast færslur innan sama dags út frá tímasetningu tímabókunar. Athuga að ekki er hægt að raða sérstaklega eftir tímasetningu óháð dagsetningu.

tt#44698,tt#44699

● Afgreiðsla

Röðun í leitarglugga fyrir tímabókanir hefur verið lagfærð. Í útprentun var listi yfir tímabókanir ekki alltaf í sömu röð og hann var í viðmótinu þegar prentað var.

tt#44738,tt#44740

● Afgreiðsla - Greiðsluform

Bætt hefur verið við „American Express“ sem greiðsluvalmöguleika.

ac#26598,ac#26603,tt#44992,tt#44997

● Afgreiðsla

Nú er boðið upp á sjálfkrafa útskrift slysa- og bráðasjúklinga skráða í komuflípann.

tt#45264,tt#45265

● Afgreiðsla

Nú er einnig leitað að komum og kvittunum á óvirkum afgreiðsludeildum.

tt#45392,tt#45400

● Afgreiðsla - A4 kvittun

Bæst hefur við einn möguleiki við að velja haus á A4 kvittanir. Nú er einnig boðið upp á að vera með aflangt lógó stofnunar. Eins er hægt að sleppa kennitölu stofnunar ef kennitala lækna fyrirtækisins er sú sem koma þarf fram á kvittun. Þá sést hún þar sem nafn læknis kemur fram á kvittun.



Starfslýsing læknis sést nú einnig á kvittuninni með læknisupplýsingum.

ac#33024,tt#45903,tt#45904

- Afgreiðsla

Sé koma merkt gjaldfrjáls, en síðar settir gjaldaliðir á komuna þá er koman ekki lengur merkt gjaldfrjáls og ekki hægt að velja að hún sé gjaldfrjáls með því að opna komugluggann. Sé gjaldaliðum eytt af komunni, þá merkist koman ekki sjálfkrafa aftur gjaldfrjáls, heldur þarf að opna komuglugga og handvirkt velja aftur ástæðu fyrir því að koman sé gjaldfrjáls.

tt#45942,tt#45944

- Afgreiðsla - Koma færð milli lota

Nú ættu samskipti ekki að missa tengingu við komu í eyðublaðaeiningunni ef koman er færð á nýja ferlilotu í afgreiðslu.

ac#33707,tt#46253,tt#46264

- Afgreiðsla - Breytt um lotu á komu

Komur ættu ekki lengur að missa tengingu við samskipti þegar skipt er um lotu á komu sem er merkt farin.

ac#33912,tt#46426,tt#46483

Biðlisti (gaWaitingList)

- Eyðublöð / Biðlisti

Á eyðublað „Innlagnarbeiðni“ hefur bæst við (undir kaflanum „Væntanleg innlögn“) svæðið „Biðlistadeild“, þar sem hægt er að velja þá deild sem á að sjá beiðnina á biðlista hjá sér.

Þegar notandi fer í Biðlista þá getur hann einungis valið þær staðsetningardeildir sem hann hefur sjúkraskráraðgang að, og séð þar undir þær beiðnir sem eru á biðlistum þeirra deilda.

tt#45041,tt#45042

- Biðlisti

Kaflinn „Biðlistadeild“ hefur nú bæst við eyðublað Beiðni um meðferð/rannsókn 377, og einnig í textasýn eyðublaðsins.

tt#45048,tt#45083

- Biðlisti

Töflurnar í flipunum „Biðlisti“ og „Meðferð“ bjóða nú upp á öflugri möguleika á flokkun og síun gagna, auk þess sem allar stillingar notanda vistast þegar einingunni er lokað og eru lesnar aftur inn næst þegar hún er opnuð.

ac#32731,tt#45631,tt#45668

- Biðlisti

Taflan í flipunum „Aðgerðir“ býður nú upp á öflugri möguleika á flokkun og síun gagna, auk þess sem allar stillingar notanda vistast þegar einingunni er lokað og eru lesnar aftur inn næst þegar hún er opnuð.

tt#45669,tt#45670

-

tt#45671

- Biðlisti - deildir

Nú eru deildir skilgreindar sérstaklega í gagnagrunninum hvort þær séu biðlistadeildir. Ef búið er að skilgreina deild sem biðlistadeild þá birtist hún í eyðublöðum "(or) Innlagnarbeiðni" (7) og "Beiðni um meðferð/rannsókn" (377)

tt#46612



eMR Komponentar

- Kóðaleit

Greininga- og úrlausnakóðar sem hafa verið settir á sjúkling bæði í Eyðublöðum og ADT birtast ekki lengur tvisvar í sjúklingakorti.

ac#25260,tt#43219

- Kóðaleit

Kóðuð atriði (tilefni, greiningar, úrlausnir, lyf, rannsóknir o.þ.h.) sem skráð eru á lokuðum deildum sjást nú ekki á öðrum deildum en þeirri sem þau eru skráð á í sjúklingakortinu í kóðaleit.

ac#29838,tt#43134,tt#43693,tt#43714,tt#43719

- Eyðublöð - Lyfjaval

Lyfjaval sýnir nú dálkana heildarmagn, fjöldi í pakkningu og magn dálka í staðinn fyrir einn dálk sem hét magn.

ac#30168,tt#43792,tt#43793,tt#43966

-

tt#44052,tt#44053,tt#44054,tt#44055,tt#44056,tt#44057,tt#44058,tt#44059,tt#44060,tt#44137

-

tt#44052,tt#44053,tt#44054,tt#44055,tt#44056,tt#44057,tt#44058,tt#44059,tt#44060,tt#44137

- Eyðublöð - Lyfjaval

Nú sýnir samheitalistinn í lyfjavalí bara þau lyf sem hafa sama ATC 5 númer, sama styrk og sama fjölda í pakkningu (með +/- 10% frávik) og það lyf sem valið er í efri listanum.

Ódýrasta lyfið er sjálfgefið efst í listanum og dýrasta neðst. Einnig er línan með ódýrasta lyfinu lituð með rauðum texta.

Verð/dag dálkurinn heitir nú Verð pr. DDD, dálkinum var líka bætt við efri listann.

Upplýsingatakkur hefur verið bætt við fyrir ofan neðri listann þar sem útskýrt er hvernig lyf eru valin á neðri listann.

tt#41699,tt#41700,tt#44048,tt#44049,tt#44150

- Íhlutir, meðferðir, mælingar, upplýsingaskrá og útskriftaráætlun - Listi af mættum sjúklingum

Nýr sjúklingalisti fyrir dag og göngudeildir er kominn í ofantaldar einingar. Á honum eru þeir sjúklingar sem er merktir komnir í dag á afgreiðsludeild tengdri innskráningardeild starfsmanns.

Sjúklingar fara af listanum þegar þeir eru merktir farnir í afgreiðslunni eða ef komið er fram yfir miðnætti.

ac#31048,tt#44161

- Eyðublöð - Lyfseðlar (EB187 og EB292)

Ávísað magn lyfja sem eru með fleytitölu sem magn pr. pakkningu reiknast nú rétt út.

tt#44318

- Sjúklingupplýsingar

Ef breytingar eru gerðar á sjúklingaupplýsingum að þá afritast gömlu gildin í töfluna G_PATIENT_CHANGELOG. Með þessu móti er haldið utan um breytingarsögu sjúklingaupplýsinga.

tt#44365

- Legur



Þegar notandi lokar Legum er vistað hvaða flipi er virkur, og hann jafnframt valinn sjálfkrafa næst þegar notandinn opnar Legur.

tt#44447

- Kóðaleit - Lyfjaleit

Dálkar upphafsstilltir að beiðni LSH.

tt#44448

- Kóðaleit - Kóðaleitargluggi

Kóðaleitarglugginn er ekki lengur of stór fyrir skjáinn þegar upplausnin er 1152 * 864.

tt#44450

- Eyðublöð - Senda samskipti

Villa löguð ef stilligildi 89 var virkt að þá var ekki hægt að velja deildir til að senda á.

tt#44689,tt#44690

- Afgreiðsla - finna tímabókun

-Letur hefur verið stækkað í útprentun.

-Nú vistast stillingar töflunnar þegar „Finna tímabókun“ glugganum er lokað.

ac#31634,tt#44629,tt#44705

- Eyðublöð - Læknabréf (EB186)

Nú er hægt að velja fleiri en eitt lyf í einu á læknabréf af lyfjalista sjúklings eða starfsmanns án þess að upp komi villa.

ac#32126,tt#45062,tt#45063

- Mælingar, íhlutir, meðferð - Listi yfir mætta sjúklinga

Sjúklingalistinn sem sýnir mætta sjúklinga sýnir nú alla sjúklinga sem eru merktir komnir, óháð því hvaða dag þeir voru merktir sem komnir.

ac#32644,tt#45474,tt#45505

- Meðferð, íhlutir og mælingar - Deildarlisti yfir sjúklinga

Deildarlisti yfir sjúklinga sýnir ekki lengur ferli lotur á staðsetningardeildum.

ac#32701,tt#45518,tt#45646

- Meðferð, íhlutir og mælingar - Mættir sjúklingalistinn

Nú sjást allir sjúklingar sem eru mættir í afgreiðslukerfinu í mættir listanum í ofantöldun einingum, ekki bara þeir sem eru mættir og tengdir við ferli.

ac#32700,tt#45520,tt#45653

Eyðublað

- Eyðublað - MedicAlert (#414)

Nýtt eyðublað var búið til, MedicAlert, sem fyllt er út og sent til MedicAlert á Íslandi þegar óskað er eftir neyðarupplýsingamerki fyrir einstaklinga þar sem fram koma upplýsingar um sjúkdóm, ofnæmi eða annað sem þarf að vita þegar einstaklingi er veitt skyndihjálp.

ac#28536,tt#42214,tt#43301

- Eyðublöð - Lyfseðill (EB187) og Lyfseðill læknavaktar (EB292)

Ekki er leyfilegt að senda lyfseðil rafrænt sem er bæði fjölnota og eftirritunarskyldur.

ac#28558,tt#42266,tt#42312,tt#43322

- Eyðublöð

Á eyðublað 9 (Innlagnabeiðni) hefur verið bætt við (á milli kaflanna „Fyrirhugaðar aðgerðir / meðferðir“ og „Áhættuþættir“) nýjum ótakmörkuðum textakafla sem heitir „Saga, undirbúningur innlagnar og málsaðilar“.

Einnig hefur kaflanum „Æskilegar rannsóknir við innlögn / komu“ á sama eyðublaði verið breytt til að leyfa val úr NCPS+ til viðbótar við LOINC, Starra og Egil.

ac#28708,tt#42469

- Eyðublað - „Útskriftarnóta“ (#13)

Á eyðublaðinu „Útskriftarnóta“ (#13) hefur verið bætt inn kaflanum „Aðgerð/meðferð og aukaaðgerðir/-meðferðir“ fyrir neðan kaflann „Greiningar“. Einnig hefur textasýn verið uppfærð til að birta kóðana sem þarna eru valdir.

ac#29716,tt#42960

- Eyðublað - TR-V sjúkradagpeningar (#21)

- Breytingar áttu sér stað í kaflanum „Upplýsingar“. Ekki þarf lengur að velja einungis einn möguleika, hvort sjúklingur sé óvinnufær með öllu EÐA óvinnufær að hluta EÐA vinnufær, heldur er hægt að skrá þessar upplýsingar jafnhendis.

- Fjarlægðar voru dagsetningar þær sem sjúklingur varð óvinnufær af sjúkdómi. Upplýsingar á eldri eyðublöðum voru færðar í reitina „Óvinnufær með öllu“ og „Óvinnufær að hluta“.

- Nú er hægt að velja margar stofnanir sem sjúklingur kann hafa dvalið á og hægt er að skrifa texta í reitinn fyrir dagsetningu skoðunar annarra lækna.

ac#27418,tt#42524,tt#43018

- Eyðublað - Bráðamóttökuskrá (#418)

Búið var til nýtt eyðublað sem heitir Bráðamóttökuskrá.

Virkja þarf stilligildi 130 til að hægt sé að afrita af síðustu bráðamóttökuskrá.

ac#29772,tt#43067

- Eyðublöð

Á eyðublaðið „V-áverkavottorð váttryggingafélaga innan SFF“ hafa bæst við eftirfarandi svæði: „Váttryggingafélag“, „Verð vottorðs“ og „Bankareikningur“. Einnig hefur svæðið „Tildrög slyssins og slysstaður“ verið stækkað til að sýna 5 línur á skjánum samtímis.

ac#29836,tt#43145

- Eyðublað: Læknisvottorð um hreyfihömlun (#171)

Blað uppfært að beiðni Sjúkratrygginga Íslands. Nafni blaðsins breytt í „Læknisvottorð um hreyfihömlun v/ bifreiða“ og textum breytt. Einnig er tekið fram á blaðinu að ef kaflinn „Mat á göngugetu“ er óútfylltur verði beiðninni hafnað.

ac#29892,tt#43221,tt#43222

- Eyðublað - (er) Bréf og greinargerðir (#75)

Stilligildi nr. 128, sem stýrir hvaða upplýsingar prentast í haus sérútprentunar fyrir „Aðgerðarlýsingu“ (#11), stýrir nú einnig útprentun á haus eyðublaðsins (er) Bréf og greinargerðir (#75). Ef gildið er óvirkt þá prentast nafn innskráningardeildar efst til hægri eins og áður, en ef gildið er virkt þá prentast nafn innskráningardeildar efst til hægri og deild skv. flokkun samskipta fyrir neðan það.

ac#29943,tt#43287,tt#43300

- Eyðublöð - Senda á vinnulista

Ef notandi hefur sett starfsmann sem hefur aðgang að fleiri en einni deild sem sjálfgefinn viðtakanda í stillingahluta Eyðublaða er hann beðinn um að velja deild þegar eyðublað eða samskipti eru send á vinnulista starfsmannsins.

ac#29957,tt#43298,tt#43299



- Eyðublað - Tilkyning um fæðingu (#167)

Á „Tilkyning um fæðingu“ (#167) er hægt að sækja upplýsingar um barnsföður í aðstandendaupplýsingar. Glugginn sem nú kemur upp er þess eðlis að ef faðir er ekki nú þegar skráður sem aðstandandi þá er hægt að skrá hann og velja hann strax að því loknu.

tt#43315

- Eyðublað - TR-V grunnvottorð læknis vegna krabbameins (#400) og TR-V grunnvottorð læknis vegna nýrnabilunar (#413)

Í kaflanum „Grunnvottorð gildir fyrir eftirfarandi“ er ekki lengur boðið upp á að velja fyrir hvað vottorðið gildir þar sem það nú gildir fyrir alla valmöguleikana.

ac#29960,tt#43457

- Eyðublað - Göngudeildarnóta #58

Nú er heimilislæknir settur sem viðtakandi þegar blaðið er búið til.

ac#30020,tt#43460

- Eyðublað - Beiðni um ráðgjöf (#45)

Við staðfestingu á „Beiðni um ráðgjöf“ (#45) er nú hægt að senda innanhúspóst á alla starfsmenn, ekki eingöngu þá sem skráðir eru á kjarnadeildir.

ac#30042,tt#43461,tt#43462

- Eyðublöð

Þegar undirrituðum starfsmanni er breytt á eyðublaði uppfærast aðsetrið með.

ac#29959,tt#43463

- Eyðublað - göngudeildarnóta #58

-Ekki koma lengur skilaboð um að viðtakandi sé ekki fylltur úr þegar blaðið er staðfest.
-Símanúmer sjúklings er nú prentað með í útprentun.

ac#30037,tt#43464

- Eyðublöð - Lyfseðlar (EB187 og EB292)

Nú er einungis hægt að hafa eitt lyf á eftirritunarskyldum rafrænum lyfseðli.

tt#43620,tt#43646,tt#43647

- Eyðublað - (OR) göngudeildarnóta

Fjarlægð hefur verið prentun á undirskrift ábyrgs starfsmanns fyrir samskiptum og því prentast einungis undirskrift undirritaðs á blaðinu.

ac#30277,tt#43736

- Eyðublað - (hsu) Beiðni um blóðrannsókn (#420)

Búið var til nýtt eyðublað fyrir HSU „(hsu) Beiðni um blóðrannsókn“ sem er eins uppbyggt og „Beiðni um blóðrannsókn“ (#221) nema með færri rannsóknum sem hægt er að haka við.

ac#29791,tt#43740,tt#43741

- Eyðublað - Endurlífgunarskýrsla (#409)

Eftirfarandi skilyrðum fyrir því hvort hægt er að staðfesta eyðublaðið var bætt við:

Ef hakað er í Innanspítalaskráningu verður einnig að velja staðsetningu.

Ef endurlífgun var reynd fyrir komu endurlífgunarteymis / björgunaraðila verður að tilgreina hvernig.

Tilgreina verður hvort endurlífgun var reynd af endurlífgunarteymi / björgunaraðilum.

Ef endurlífgun var reynd af endurlífgunarteymi / björgunaraðilum verður að tilgreina hvernig fyrsti hjartataktur var.

Ef endurlífgun var ekki reynd af endurlífgunarteymi / björgunaraðilum verður að tilgreina afhverju.



Tilgreina verður hvort blóðflæði var í meira en 20 mínútur.

Einnig er ekki lengur hægt að skrá staðsetningu bæði innan og utan sjúkrastofnunar.

ac#30311,tt#43761

● Eyðublað

Reiturinn „Ending“ á lyfseðlum reiknast nú rétt út ef einungis er slegið gildi í reitinn „Ta/Mo“ en reitirnir „Sk/Há“, „Síðdegi“ og „Kvöld“ hafðir auðir.

ac#8259,tt#43795

● Eyðublað - Beiðni um ráðgjöf #45

Búið er að setja senda hnapp á blaðið sem staðfestir blaðið og sendir það.

ac#30436,tt#43874

● Eyðublað - Beiðni um innlögn (#79)

Bætt var við fleiri valmöguleikum fyrir „Beiðni barst frá“ í kaflann „Hver óskar eftir innlögn“. Nú er því einnig hægt að skrá „Beiðni barst frá lögreglu“ og „Beiðni barst frá annarri deild sjúkrahúss“.

Eyðublað - Innlögn (#80)

Valmöguleikinn „Kemur af götunni“ var endurnefndur í „Heimilislaus“ í kaflanum „Innlögn“.

Eyðublað - Sjúkrskrá (#81)

Valmöguleikinn „Eftirmeðferð vegna aðgerðar“ var endurnefndur í „Kemur eftir aðgerð“ í kaflanum „Ástæða komu“.

ac#30687,tt#44023,tt#44024

● Eyðublöð - Tilkynning um fæðingu (#167)

Skilyrði bætt við svo lengd meðgöngu má aðeins skrá á forminu Vikur+Dagar (t.d. 41+6)

tt#44063

● Eyðublað

Þegar Læknabréf #12 er búið til er nú afritað úr Útskriftarnótu #13, í stað Aðgerðalýsingar #11 áður.

ac#31055,tt#44160

● Eyðublöð

Búið var til nýtt stilligildi, 1115, sem stjórnar því hvaða eyðublöð sýna deildarnafn í haus.

ac#31046,tt#44169

● Lyfjabreytingarblað (eb 39)

Villa löguð þar sem notkunarleiðbeiningar á seponeruðu lyfi rugluðust saman við lyfjabreytingu á sama blaði.

ac#30132,tt#44205

● Eyðublöð - Taugarannsókn (#339)

Villa löguð við teikningu á eyðublaði þegar það var valið.

ac#31124,tt#44221

● Lyfseðlar (EB187 og EB292) - Ávísað magn

Ekki er lengur hægt að skrá ávísað magn í lyfseðla, það er reiknað sjálfkrafa út frá magni í pakkningu og pakkningafjölda.

tt#44231,tt#44233



● Eyðublöð

Táknmynd orkuhúsins hefur verið bætt í haus blaðanna Beiðni um myndgreiningu og Niðurstöður rannsókna
ac#31089,tt#44255

● Eyðublað - (or) Læknabréf #12

Nú prentast eintök fyrir þá sem eiga að fá afrit.

ac#31160,tt#44270

● Eyðublað - Göngudeildarnóta #58

Komið er stilligildi (1129) sem stjórnar því hvað sést í fyrirsögn í sérútprentun. Ef stilligildið er óvirkt þá prentast út „GÖNGUDEILDARNÓTA“ eins og áður

tt#44326

● Eyðublað - Umsókn um lyfjaskírteini (#51)

Bætt við kaflanum „Upplýst samþykki vegna umsóknar um lyfjaskírteini“.

ac#31493,tt#44421

● Eyðublöð

Eyðublað "Beiðni um álit sérfræðings" (#45) er nú hægt að senda til allra starfsmanna stofnunar í stað þess að einungis sé hægt að senda það á lækni.

ac#29589,tt#42831,tt#44604

● Eyðublað - Læknabréf/Tilvísun (EB186)

Nú prentast „Læknabréf“ fyrir þau blöð sem voru búin til áður en blaðinu var breytt frá því að vera bara Læknabréf yfir í að vera Læknabréf/Tilvísun.

tt#44778,tt#44791

● Eyðublöð - Beiðni um myndgreiningu, Niðurstöður rannsókna

Skipt hefur verið um táknmynd í haus blaðanna #381 Beiðni um myndgreiningu og #382 Niðurstöður rannsókna

ac#31819,tt#44850,tt#44851

● Eyðublað - Tilvísun til greiningarteymis (#299)

Eyðublaðið „Tilvísun til greiningarteymis“ var flutt úr kafla 3 - heilsuverndarblöð yfir í kafla 8 - bréf svo hægt væri að vandaliða það.

ac#31859,tt#44876,tt#44877

● Eyðublöð

Lagfærð villa sem kom handahófskennt upp þegar hætt var við að senda eyðublað "Beiðni um álit sérfræðings"

tt#44900,tt#44901

● Eyðublöð

Þegar eyðublað "Beiðni um álit sérfræðings" er sent til starfsmanns skráist nú aðgerðin "Blað sent sem viðhengi" í ferilsögu blaðs, en ekki aðgerðin "Sending" eins og áður, enda er blaðið sent sem viðhengi en fer ekki í umsjá viðtakanda.

tt#44907,tt#44908

● Eyðublað - TR-V læknisvottorð um skerta líkamsfærni (#422)
Búið hefur verið til nýtt eyðublað fyrir Sjúkratryggingar Íslands.



Eyðublað - TR-V umsókn um undanþágu v/ lýtalækninga (#423)
Búið hefur verið til nýtt eyðublað fyrir Sjúkratryggingar Íslands.

ac#31143,tt#44278,tt#45122

● Eyðublað - Aðgerðarlýsing (#11)

Legunúmer í Aðgerðarlýsingu (#11) kom einungis fram á fyrstu aðgerðarlýsingu sem búin var til í legunni. Það hefur nú verið lagað að ef fleiri aðgerðarlýsingar eru búnar til fyrir sömu legu þá kemur númerið einnig fram á þeim.

tt#43633,tt#45216

● Eyðublað - Símtal/tölvupóstur (#437)

Búið hefur verið til nýtt eyðublað sem heitir „Símtal/tölvupóstur“. Er það alveg eins og Belgur (#1).

ac#32360,tt#45274,tt#45277

● Eyðublað - Umsókn um styrk til kaupa á hjálpertæki #342

Heimilisfangi Hjálpertækjamiðstöðvar Sjúkratrygginga Íslands hefur verið uppfært.

ac#32902,tt#45657,tt#45658

● Eyðublöð - Lyfseðlar (#187 og #292)

Nú er ekki lengur hægt að senda lyfseðil rafrænt sem inniheldur engar notkunarleiðbeiningar.

tt#45727,tt#45734

● Eyðublöð - Lyfseðlar (EB187 og EB292)

Ekki er lengur hægt að senda lyfseðla rafrænt sem eru með útrunninn gildistíma.

Ef gildistími lyfseðils byrjar í fortíðinni þarf notandi að staðfesta að hann vilji senda hann með þeim gildistíma.

tt#45735,tt#45739

● Eyðublöð - Lyfseðlar (EB187 og EB292)

Ekki er lengur hægt að staðfesta eða senda rafrænt lyfseðla með lyfjum sem eru afskráð samkvæmt lyfjaverðskrá.

tt#45736,tt#45748

● Lyfseðlar - Ending fjölnota lyfseðla (EB187 og EB292)

Nú er notandinn látinn vita ef gildistími fjölnota lyfseðla er styttri en tíminn sem tekur að nota allar afgreiðslur fjölnota seðils.

tt#45742,tt#45752

● Eyðublöð - Lyfseðlar (#187 og #292) - Fjöldi daga milli afgreiðslna fjölnota lyfseðla.

Nú verður notandi alltaf að gefa upp fjölda daga sem á að líða milli afgreiðslna á fjölnota lyfseðlum.

tt#45741,tt#45758

● Eyðublað - Ráðgjöf (#164)

Þegar eyðublaði Beiði um álit/ráðgjöf (#45) er svarað með þar til gerðum svara-hnappi, þá er búið til svarblað (#164). Nú er dagsetning beiðnar miðuð við undirskriftardagsetningu í staðinn fyrir staðfestingardagsetningu blaðs.

ac#33040,tt#45790,tt#45791

● Eyðublöð - Staðfesting rafrænna lyfseðla (EB187 og EB292)

Nú er notandi látinn vita að lyfseðill hafi ekki verið sendur í Lyfseðlagátt ef hann reynir að staðfesta rafrænan



lyfseðil sem hefur ekki verið sendur.

tt#45794,tt#45836

- Eyðublöð

Þegar afritað er frá Sjúkraskrá #15 inn á Aðgerðalýsingu #11 (stillt með stilligildi #1022) er afritunin nú einskorðuð við samskipti, þ.e. einungis er afritað af sjúkraskrá sem er í sömu samskiptum og aðgerðarlýsingin sem verið er að stofna.

ac#33189,tt#45887,tt#45888

- Eyðublað - Almennt læknaþrá (#64)

Nú er hægt að afrita af (sp) Samskiptaseðli (#436) inn á Almennt læknaþrá (#64).

tt#45918,tt#45921

- Eyðublöð - Beiðni um ráðgjöf (EB45)

Þegar Viðtakandi er valinn í Beiðni um ráðgjöf birtist nú starfsheiti (starfslýsing) viðkomandi í staðinn fyrir starfsstétt eins og var áður.

ac#33360,tt#45978,tt#45979

- Eyðublað - Lyfseðill (eb187)

Villa löguð með að sjálfgefið apótek kom ekki inn á lyfseðil.

tt#46037,tt#46041

- Eyðublað - Læknisvottorð vegna læknismeðferðar erlendis (#335)

„Læknisvottorð vegna læknismeðferðar erlendis“ (áður „Læknisvottorð vegna vistunar sjúklings erlendis“) hefur verið uppfært. Heiti þess í lista yfir eyðublöð hefur einnig breyst úr „TR-V vistun sjúklings erlendis“ í „TR-V læknismeðferð erlendis“.

ac#32308,tt#45213,tt#46325

- Eyðublað - #9 (or) Innlagnarbeiðni

Nú er hægt að velja úr bæði staðsetningar- og kjarnadeildum fyrir biðlistadeild.

tt#46448,tt#46449

- Eyðublöð - Lyfseðlar (EB187 og EB292)

Kerfið gefur ekki lengur viðvörðun um að gildistími lyfseðils sé of stuttur nema gildir frá tímunn sé meira en viku aftur í tímann.

ac#33923,tt#46440,tt#46611

Eyðublöð (gaSheetModule)

- Eyðublöð

Í lotu-mynd í Eyðublöðum sést nú nýjasti ábyrgur læknir og nýjasti ábyrgur hjúkrunarfræðingur (ef einhver skráður).

ac#29714,tt#42956

- Eyðublöð

3 ný stilligildi (1126, 1127, 1128) segja til um hvort eigi aðeins að ná í og birta takmarkaðan fjölda samskipta, lota eða koma í yfirlitstré í eyðublöðum.

ac#29732,tt#43057

- Eyðublaðaeining - Ný vefsíða til að birta viðhengiseyðublöð í textasýn.

tt#43337,tt#44238

- Viðhengi



Nú ógildist viðhengiseyðublað (#375) þegar síðasta viðhengið á því er skráð ógilt. Í framhaldi af því er athugað hvort samskiptin sem tilheyra viðhenginu innihaldi einungis ógild blöð og ef svo er eru samskiptin gerð ógild.

ac#26905,tt#43822

● Eyðublöð

Ekki er lengur hægt að tvísmella á eyðublað og fá það stækkað upp í auka glugga. Telji notandi þörf á meira plássi fyrir eyðublaðið þá er bent á að hægt er að stækka og minnka svæðið eftir þörfum í aðal glugganum í einingunni.

tt#43896

● Eyðublöð

Breytt virkni varðandi hvaða aðgerðir eru mögulegar miðað við stöðu á völdu eyðublaði.

- * Hægt er að staðfesta óstaðfest blað sem merkt hefur verið úrelt
- * Hægt er að vista óstaðfest blað sem merkt hefur verið úrelt
- * Hægt er að eyða óstaðfestu blaði sem merkt hefur verið úrelt
- * Ekki er hægt að afrita og líma blöð sem merkt hafa verkið óvirk
- * Flýtiblaðhappar virka ekki fyrir blöð sem merkt hafa verið óvirk eða úrelt

tt#44248

● Eyðublöð - Senda blað

Nú sést í ferilsögu á hvaða deild blað er sent þegar það er sent.

tt#44477

● Eyðublöð

Lagfæring á villu sem lýsti sér í því að í ákveðnum tilfellum var lesin röng staða á tegund eyðublaðs. Þetta gat komið í veg fyrir að búa til nýtt eyðublað af tilteknum gerðum. Komu þá upp skilaboð um að tegund eyðublaðs væri úrelt. Einkum hafði þetta áhrif á eyðublaðið Belg

ac#31738,tt#44830,tt#44831

● Eyðublöð, Ung- og smábarnavernd, Hraðskráning

Nú er hægt að stilla hvort sniðmát samskipta raðast í stafrófsröð eða eftir þeirri röð sem skilgreind er í mínum stillingum. Sé valið að raða eftir þeirri röð sem skilgreind er í mínum stillingum þá raðast sniðmát samskipta fyrir notanda á undan sniðmátum samskipta fyrir deild. Stillingildi 137 ákvarðar hvort sniðmát samskipta raðast í stafrófsröð.

tt#44481,tt#44841

● Eyðublað - Niðurstöður rannsókna II (textasvar)

Afritun á blaðið hefur verið löguð.

ac#31949,tt#44961,tt#44965

● Eyðublöð

Lagfærð villa sem sýndi ranglega síðustu stafi kennitölu einstaklings í viðmóti fyrir viðhengi í samskiptum.

tt#45045,tt#45049

● Eyðublöð - Textasýn fyrir skoðun í ung- og smábarnavernd.

Lagfærð villa sem orsakaði að undir ákveðnum skilyrðum sýndi yfirlit fyrir skoðun í ung- og smábarnavernd ranga stöðu brjóstgjafar.

ac#32180,tt#45093,tt#45094

● Eyðublöð

Nú er hægt að staðfesta samskipti þó þau innihaldi kerfiseyðublöð á borð við viðhengisblöð.



- Eyðublöð

Búið hefur verið til nýtt stilligildi (138) sem virkjar val á þjónustuflokk þegar lotur eru sýndar í eyðublaðaeiningunni.

tt#45387,tt#45389

- Innanhúspóstur - Eyðublöð

Þegar eyðublað er valið í eyðublaðaeiningu og það sent sem viðhengi með innanhúspósti Sögu á starfsmann á annari deild en blaðið var búið til á, þá fær deild móttakandans réttindi til að lesa blaðið.

tt#45435,tt#45436

- Eyðublöð

Ef ADT er virkt á deild (stilligildi 91) þá stjórnar stilligildi 138 einnig því hvort samskiptanóðan í eyðublaðatrénu sé sýnd opin eða lokuð. Sé stilligildi 138 virkt þá er samskiptanóðan opnuð sjálfkrafa. Annars hagar kerfið sér á óbreyttan hátt, þ.e.a.s. eyðublaðanóðan er sýnd lokuð.

tt#45590,tt#45591

- Eyðublöð

Þjónustuflokkur lotu sést nú í fellilistanum yfir lotur sem birtist þegar verið er að flytja samskipti á milli lota.

tt#45680,tt#45681

- ADT/Eyðublöð

Þegar meðferðarlotu ferlisjúklings er lokið er borin saman síðasta útskriftardagsetning í Afgreiðslu og síðasta koma í ADT og stungið er upp á nýjustu dagsetningunni.

ac#32355,tt#45307,tt#45943

- Eyðublöð

Endurbætt virkni þegar eyðublöð eru opnuð og þegar ýtt er á F8 (útfylling blaða) í afgreiðslu. Nýtt stilligildi (139 - Deild er heilsugæsludeild) hefur verið búið til og hefur það (ásamt stilligildi 91 - Sýna lotur í eyðublöðum) áhrif á það hvernig eyðublaðaeining er frumstillt þegar hún er opnuð.

Þegar eyðublöð eru opnuð á venjulegan hátt (eða skipt um sjúkling í eyðublöðum) er virknin svona, háð stillingum á þeirri deild sem notandi er skráður inn á:

a) ADT deild (sjúkrahús). Stilligildi 91 er virkt. Stilligildi 139 er óvirkt:

1. Finna nýjustu komu í nýjasta opna ferli sjúklings.
2. Ef ekkert opið ferli finnst skal birta sjúklingaupplýsingar.

b) Heilsugæsludeild sem sýnir lotur. Stilligildi 91 er virkt. Stilligildi 139 er virkt.

1. Birta sjúklingaupplýsingar

c) Heilsugæsludeild þar sem lotuskráning er ekki sýnd. Stilligildi 91 er óvirkt. Stilligildi 139 skiptir ekki máli.

1. Birta sjúklingaupplýsingar

Þegar eyðublöð eru opnuð með F8 í afgreiðslu og til er sniðmát fyrir form tímabókunar þannig að samskipti eru stofnuð sjálfvirkt og einhver eyðublöð búin til, þá skiptir einnig máli hvort form tímabókunar er lotutengt eða ekki.

a) ADT deild (sjúkrahús). Stilligildi 91 er virkt. Stilligildi 139 er óvirkt:

a.1) Form tímabókun er lotutengt

1. Samskipti búin til undir ferli skv. tímabókun

a.2) Form tímabókunar er ekki lotutengt

1. Samskipti búin til undir nýjustu komu nýjasta opna ferlis

b) Heilsugæsludeild sem sýnir lotur. Stilligildi 91 er virkt. Stilligildi 139 er virkt.

b.1) Form tímabókun er lotutengt

1. Samskipti búin til undir ferli skv. tímabókun

b.2) Form tímabókunar er ekki lotutengt

1. Samskipti eru búin til undir almennu samskiptanóðunni



c) Heilsugæsludeild þar sem lotuskráning er ekki sýnd. Stilligildi 91 er óvirkt. Stilligildi 139 skiptir ekki máli.

c.1) Form tímabókun er lotutengt

1. Samskipti eru búin til undir almennu samskiptanóðunni

c.2) Form tímabókunar er ekki lotutengt

1. Samskipti eru búin til undir almennu samskiptanóðunni

tt#45950,tt#45951

● Eyðublöð

Eigi sjúklingur opna legu, þá er er nóðan fyrir leguna í yfirlitstrénu sjálfkrafa sprengd út og samskipti undir þeirri lotu gerð sýnileg.

ac#33693,tt#46258,tt#46259

● Ung- og smábarnavernd í eyðublöðum

Nú er hægt að prenta út einstaka skoðun í eyðublaðaeiningu

tt#46543

gaAttachments

● Viðhengi

Villur hafa komið upp ef ólögleg dagsetning hefur verið skráð á viðhengi. Til þess að komast hjá þessu, og aðstoða notendur við skráningu viðhengja, hefur eftirfarandi skilyrðum verið bætt við:

- Þegar viðhengi er stofnað kemur sjálfgefin yfirstandandi dagsetning

- Tómar dagsetningar eru ekki leyfðar

- Ef slegin inn undarleg dagsetning (t.d. "01.02.80") þá er reynt að breyta henni í löglega dagsetningu (t.d. "01.02.1980")

- Ekki er leyft að skrá dagsetningu meira en 100 ár aftur í tímann

- Heimilt er að skrá dagsetningu út yfirstandandi ár en ekki lengra fram í tímann en sem því nemur

tt#43382,tt#43433

● Viðhengi

Nú tekur skemmri tíma að sækja að sækja samskipti í Viðhengjum.

tt#43879

● Eyðublöð og viðhengi - Samskipti í viðhengjaeiningu opnuð með F7

Nú opnast alltaf rétt samskipti í viðhengjum eftir að viðhengjaeiningin hefur verið opnuð með F7 flýtleiðinni úr eyðublaðaeiningunni.

tt#44942,tt#44943

● Viðhengi - Valinn flipi

Nú opnast viðhengjaeiningin með þann flipa sýnilegan sem var valinn þegar einingunni var lokað seinast.

tt#45209,tt#45225

● Viðhengi - Finna samskipti fyrir viðhengi

Nú er hægt að hægri smella á viðhengi í Viðhengi flípanum og velja Finna samskipti eða velja viðhengi og ýta á CTRL+F og þá opnast viðeigandi samskipti í Samskipti flípanum.

Einnig er hægt að ýta á F7 (eða hægri smella og velja Opna eyðublaðaeiningu) og þá opnast eyðublaðaeiningin og viðeigandi samskipti.

ac#32379,tt#45317,tt#45318

● Viðhengi - Samskipti

Nú er hægt að velja hvaða dálkar eru sýnilegir í Samskipti töflunni auk þess sem hægt er að flokka eftir



dálkum.

tt#45311,tt#45622

- Viðhengi - Sjálfkrafa sía (bréfastemma) þegar F7 er notað

Sía fyrir tóm samskipti fer ekki lengur sjálfkrafa á þegar F7 er notað til að opna viðhengi úr eyðublaðaeiningunni.

ac#33315,tt#45953,tt#45954

- Viðhengi

Nýtt viðhengi. Nú hefur verið tryggt að þegar nýju viðhengi hefur verið bætt við gögn einstaklings, að þá birtist + fyrir framan samskiptin svo hægt sé að skoða viðhengið þar.

ac#33969,tt#46635,tt#46636

gaPaperJournal

- Pappírssjúkraskrá LSH

Pappírssjúkraskránni hefur verið breytt þannig að hver einstaklingur á sér sjúkraskrá fyrir hverja innskráningardeild.

ac#30387,tt#43811

Kerfisumsjón (gaAdministrator)

- Kerfisumsjón - skrá nýjan notanda

Ef kennitala og/eða nafn hefur verið fyllt út áður en læknaleitarglugginn sem er notaður við að velja læknanúmer er birtur þá birtist glugginn frumstilltur með þeim leitarskilyrðum.

tt#41703,tt#41704

- Kerfisumsjón - búa til nýjan notanda

þegar búinn er til notandi í kerfisumsjón sem er til fyrir í gagnagrunninum þá þarf ekki að tilgreina lykilorð.

ac#31709,tt#44745,tt#44746

Legur (gaADTAdmissions)

- Legur

Ef sjúklingur er innritaður fram í tímann þá er hann nú aðgreindur í listanum með sérstöku merki/tákni og bakgrunnslit, til þess að auðveldara sé að sjá hvaða sjúklingar eru væntanlegir.

ac#29699,tt#42907

- Legur

Í aðalvalmynd einingarinnar eru nú komnir valmöguleikarnir "Opna allar greinar" og "Loka öllum greinum", sem opna/loka öllum greinum í töflunni (ef flokkun er virk). Aðgerðirnar er einnig að finna í tækjaslánni.

ac#29703,tt#42910

- Legur

Nú er hægt að skrá í gagnagrunninn sniðmát (template) fyrir innritanir. Hægt er að skrá í grunninn hvaða sniðmát hver deild notar, og þegar sjúklingur er innritaður á viðkomandi deild eru sjálfgefin gildi fyrir tegund sjúklings, ástæðu innlagnar, hvernig sjúklingur kom, hvaðan sjúklingur kom og þjónustuflokk sótt úr sniðmáttinu.

ac#27093,tt#41695,tt#43344,tt#43345,tt#44224

- Legur

Lagfærð hefur verið villa sem lýsti sér á þann hátt að ef að reynt var að innrita sjúkling strax eftir að annar sjúklingur var útskrifaður þá var ekki hægt að velja neinn þjónustuflokk í innritunarglugganum.



tt#43405

- Legur

Við að velja að breyta ábyrgum lækni, ábyrgum hjúkrunarfræðingi eða starfsmönnum þá færast innsláttarfókusinn ekki lengur á reitinn „Heiti Lotu“ heldur á reitinn sem geymir það gildi sem óskað var eftir að breyta.

tt#43623

- ADT og Legur

Alls staðar þar sem átt er við starfsmenn (skrá/breyta ábyrgum lækni, innritunarlækni, ábyrgum hjúkrunarfræðingi eða öðrum starfsmönnum) er nú vísað í „starfsstétt“ (sem er valin úr fellilista og tengd við notanda í kerfisumsjón) í stað þess að vísa í „starfslýsingu“, sem var frjálst innsláttarsvæði.

tt#43697

- Legur

